



Kæru foreldrar og forráðafólk grunnskólanemenda

„Fyrir mikilvægasta fólkið“ eru einkunnarorðin okkar hjá Skólamat og okkur er mikið í mun að nemendur njóti góðrar næringar í amstri dagsins. Á hverjum degi bjóðum við upp á næringarríkan aðalrétt og vegan valkost. Auk þess er ávallt girnilegur meðlætisbar þar sem má finna fjölbreytt úrval af fersku grænmeti, ávöxtum og stundum léttu kalda rétti.

Hagnýtar upplýsingar fyrir skólaárið 2025-2026:

- Skráning í mataráskrift og ávaxtaáskrift, hefst **í dag 20. ágúst á www.skolamatur.is**.
 - Skólamáltíðir í hádeginu eru gjaldfrjálssar en mikilvægt er að skráning fari fram og að allar nauðsynlegar upplýsingar skili sér í skráninguna. Skráning í ávaxtaáskrift fer einnig fram á www.skolamatur.is
- Mataráskriftir endurnýjast mánaðarlega út skólaárið sé þeim ekki sagt upp sérstaklega
- Nemendur fá sérstakt skólanúmer sem þeir nota þegar afhending máltíða fer fram í mötuneyti skólans.
- Ef mataráskrift er ekki nýtt að ákveðnu marki mánaðarlega lokast fyrir hana og sækja þarf um hana aftur.
- Skólamatur býður upp á sérfæði fyrir þau börn, sem vegna ofnæmis, óþols, læknisfræðilegra einkenna, trúarbragða eða lífsstíls, geta ekki neytt matar af matseðli. Sérfæði vegna ofnæmis eða óþols fæst afgreitt gegn afhendingu læknisvottorðs
- Afgreiðsla hádegismáltíða hefst fyrsta kennsludag.

Á heimasíðu Skólamatar: **www.skolamatur.is** finnur þú matseðla ásamt innihaldslýsingum og næringarútreikningum allra máltíða. Þar er einnig hægt að skrá sig á póstlista og fá þá matseðilinn í tölvupósti. Við erum dugleg að deila upplýsingum og fróðleik á samfélagsmiðla okkar, þú getur fylgt okkur á Facebook: **www.facebook.com/skolamatur** og/eða á TikTok og Instagram: **[@skolamatur_ehf](https://www.instagram.com/skolamatur_ehf)**

Hlökkum til að þjónusta ykkur í vetur

Hljýjar kveðjur, starfsfólk Skólamatar